



Jóladagatal

Flatar 2023


1.




Leysið þrautina:

 = 8

 = 2

 = 6

 = 4


 +  +  =

 +  -  =

 -  +  =

2.

Sum börn eiga tvö epli en önnur börn eiga fimm epli.
Samtals eiga börnin 13 epli. Hversu mörg eru börnin?



3.

Niðurstaða skoðanakönnunar sem gerð var á verkstæði jólasveinanna sýnir að:

Fjöldi jólasveina er 100.

Fjöldi jólasveina sem drekkur kaffi er 78.

Fjöldi jólasveina sem drekkur te er 71.

Fjöldi jólasveina sem drekka bæði kaffi og te er 48.

„Þetta getur ekki passað“ segir Grýla.

Af hverju ekki?



4. Færðu þrjár jólakúlur, þannig að þríhyrningurinn snúist á hvolf.



5. Ef fimm álfar vinna saman geta þeir byggt sleða á 20 dögum. Gerum ráð fyrir að allir álfarnir vinni á sama hraða. Þrjú álfar vinna að sleðanum í tíu daga og í kjölfarið bætast 11 álfar við. Hvenær verður þá sleðinn tilbúinn?







6. Á príhyrningslaga torgi stendur eitt jólatré í hverju horni. Á hverri hlið torgsins eru fimm jólatré. Hversu mörg jólatré standa á torginu?



7.

Í jólatrjánum gildir að hver tala er summa talnanna tveggja fyrir neðan hana. Fylgdu reglunni og fylltu jólatrén af tölum.



8. Þegar Gunnar verður tvöfalt eldri en hann er í dag verður hann þrisvar sinnum eldri en hann var fyrir þremur árum síðan.

Hversu gamall er Gunnar núna ?













9. Leppalúði teiknar fimmhyrning og dregur tvær handahófskenndar hornalínur innan hans.

Hversu líklegt er að hornalínurnar skarist ekki?



10. Raðið formum í hluta af tómu ferningunum þannig að í hverri línu og hverjum dálki birtist samhverfa ef horft er framhjá auðum ferningum.


				
				
				
				

11.

Í jólalagiinu Þrettán dagar jóla gefur Jónas fleiri og fleiri gjafir. Fyrsta daginn gefur Jónas 1 páfugl. Annan daginn gefur hann 1 páfugl og 2 dúfur, eða 3 gjafir þann daginn og hefur þá gefið 4 gjafir alls. Hvaða ætli Jónas gefi margar gjafir alls og hvaða gjöf ætli Jónas gefi flestar af?



12.



Fullt glas af jólaöli vegur 400g.
Tómt glas vegur 100g. Hversu
þungt er hálfullt glas af
jólaöli?

13.

Fylltu út í ferninginn með tölum, þannig að summa í öllum röðum og dálkum sé sú sama.

1		6	3
	2	2	8
	7		4
		7	


14.

Tölurnar 6 til 10 eru skrifaðar á fimm jólakúlur, ein tala á hverja kúlu. Summa talnanna á fyrstu þremur jólakúlunum er 23. Summa talnanna á síðustu þremur kúlunum er einnig 23. Hvaða tala er á jólakúlunni í miðjunni ?



15.

Í herbergi Stúfs eru 10 tómir kassar. Stúfur á fimm blýanta og setur einn blýant í fimm mismunandi kassa. Hann á fjögur strokleður og kemur þeim fyrir í fjórum ólíkum kössum þannig að í tveimur kössum er bæði blýantur og strokleður. Hversu margir kassar eru ennþá tómir þegar Stúfur hefur komið blýöntunum og strokleðrunum fyrir ?



16.

Settu tölurnar 1-8 inn í ferhyrningana, þannig að allir útreikningarnir gangi upp. Allar tölurnar frá 1-8 þarf að nota nákvæmlega einu sinni.

Hægt er að leysa verkefnið á 4 ólíka vegu. Getur þú fundið allar lausnirnar?

$$\begin{array}{ccccc} \square & - & \square & = & \square \\ - & & & & + \\ \square & & & & \square \\ = & & & & = \\ \square & + & \square & = & \square \end{array}$$

17.

Júlíus kastar þremur venjulegum teningum. Þegar hann margfaldar saman tölurnar á teningunum fær hann útkomuna 90. Hvaða tölur komu upp á teningunum?



18. Guðbjörg ætlar að baka lakkrístoppa fyrir jólaskemmtun í bekknum sínum. Ein uppskrift gefur 20 lakkrístoppa. Í bekknum eru 30 nemendur. Hversu mikinn púðursykur þarf Guðbjörg að kaupa, til að hver nemandi fái að minnsta kosti einn lakkrístopp?



Lakkrístoppar

3 eggjahvítur

200g púðursykur




150g rjómasúkkulaði

150g lakkrískurl

19.

Fyrsta oddatalan er 1.

Hver er hundraðasta oddatalan?



20.

Smápeningum er raðað í röð á borð. Fyrst er sett röð af einnar krónupeningum, alls 1001 stykki.

Þá er öðrum hverjum peningi skipt út fyrir fimm krónupening. Næst er þriðja hverjum peningi skipt út fyrir tíu krónupening og í lokin er fjórða hverjum peningi skipt út fyrir 50 krónupening.

Hver er þá heildarupphæðin á borðinu?



21.

Fimm börn giska á hversu mörg hreindýr draga sleða jólasveinsins í ár. Þau giska á 2, 4, 5, 8, og 9 hreindýr. Í einni ágiskuninni er fjórum hreindýrum ofaukið og í annarri ágiskun tveimur of fá.

Hversu mörg hreindýr draga sleða jólasveinsins þetta árið?



22.

Grýla fékk nóg af skellunum í Hurðaskelli og setti hengilás á hurðina hans. Leppalúði vorkenndi vesalings Hurðaskelli og gaf honum eftirfarandi vísbendingar:

- 6 8 2 ein tala er rétt og á réttum stað
- 6 1 4 ein tala er rétt en á röngum stað
- 2 0 6 tvær tölur eru réttar en hvorug á réttum stað
- 7 3 8 engin tala er rétt
- 7 8 0 ein tala er rétt en á röngum stað



23.

Rúdolf með rauða nefið ætlar að lesa bók sem er 250 bls. Fyrsta daginn les hann 6% af bókinni. Annan daginn les Rúdolf 20% af því sem eftir var af bókinni. Þriðja daginn les hann 11 bls. meira en daginn áður.

Hversu mörg prósent af bókinni á Rúdolf eftir að lesa?



24.

Á aðfangadag, sem var sunnudagur, snjóaði í fyrsta sinn þann veturinn. Á miðvikudegi hlýnaði í veðri og snjórinn bráðnaði og minnkaði snjódýptin um helming frá því sem hún var á sunnudeginum. Á fimmtudegi snjóaði aftur og þá tvöfalt meira en hafði gert á aðfangadag. Snjódýptin á fimmtudeginum var 125 cm.

Hversu mikið snjóaði á aðfangadag?

